

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga – Dofrahella 7.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. maí 2021 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna lóðarinnar Dofrahella 7. Í breytingunni felst að innkeyrsla inn á lóðina er færð til suðurs í stað þess að vera fyrir miðri lóð. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. júní 2021.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2021